



11. október 2019 / Forsætisráðuneytið

Framtíðarsýn um arfleifð Jóns Sigurðssonar - efling starfsemi á Hrafnseyri og samhæfing stjórnsýslu



Hrafnseyri

Nefnd Katrínar Jakobsdóttur, forsætisráðherra, hefur skilað skýrslu um arfleifð Jóns Sigurðssonar. Þar er sett fram framtíðarsýn um lifandi, nærtæka og tímalausa arfleifð. Starfsemin á Hrafnseyri við Arnarfjörð, fæðingarstað Jóns, verði eflid og stofnaður formlegur samstarfsvettvangur þeirra aðila sem nú sinna opinberri menningarstarfsemi sem tileinkuð er ævistarfi og minningu Jóns Sigurðssonar.

Lagt er til að starfsemin á Hrafnseyri þróist yfir í nútímalegt fræðasetur með alþjóðleg tengsl, sem sinni fjölbættu hlutverki fyrir menntir og menningu þjóðarinnar auk þess sem það verði lyftistöng í byggðalegu tilliti.

Forsætisráðherra hyggst leggja fram tillögu til þingsályktunar á Alþingi síðar í vetur sem byggð verður á skýrslu nefndarinnar.

Nefndin var þannig skipuð:

Guðmundur Hálfðánarson, prófessor, tilnefndur af Háskóla Íslands

Helga Þórsdóttir, starfandi safnstjóri, tilnefnd af Byggðasafni Vestfjarða

Margrét Hallgrímsdóttir, þjóðminjavörður, tilnefnd af Þjóðminjasafni Íslands

Ragnheiður Helga Þórarinsdóttir, deildarstjóri, tilnefnd af mennta- og menningarmálaráðuneyti

Skúli Gautason, menningarfulltrúi, tilnefndur af Vestfjarðastofu f.h. Fjórðungssambands Vestfjarða

Þorsteinn Magnússon, varaskrifstofustjóri, tilnefndur af skrifstofu Alþingis og

Kolbrún Halldórsdóttir, verkefnisstjóri, formaður, skipuð án tilnefningar.

Með nefndinni starfaði Bjarni Snæbjörn Jónsson ráðgjafi.

Arfleifð Jóns Sigurðssonar - Skýrsla nefndar um inntak, stjórnsýslu og miðlun

Efnisorð

MENNINGARMÁL